

Menntamálaráðherra, gott fólk.

Það er okkur mikið fagnaðarefni að náðst hefur víðtæk sátt milli aðila vinnumarkaðarins og menntamálaráðuneytisins um stofnun og starfsemi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Aukin alþjóðavæðing og sífellt hraðari tæknibreytingar í atvinnulífinu hafa stóraukið þær kröfur sem gerðar eru til hæfni og þekkingar starfsmanna.

Til þess að treysta stöðu launafólks á vinnumarkaði, tryggja aðlögunarhæfni atvinnulífsins og samfélag sem getur boðið þegnum sínum góð lífskjör hefur verkalýðshreyfingin lagt mikla áherslu á aukið framboð á grunnmenntun, starfstengda menntun og endurmenntun – og möguleika fólks á menntun alla ævina.

Með kjarasamningum árið 2000 náðist sá merki áfangi að segja má að nú séu starfandi fræðslusjóðir á öllu samningsviði aðildarfélaga ASÍ.

Viðfangsefni þessara sjóða er að auðvelda launafólki að sækja námskeið til þess að auka starfshæfni sína og auðvelda fyrirtækjum að byggja upp hæfni og þekkingu starfsmanna.

En betur má ef duga skal. Með stofnun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og formlegu samstarfi ASÍ og SA við menntamálayfirvöld erum við að taka nýtt og mikilvægt skref í eflingu þessa málaflökks.

Alþýðusambandið hefur um áratuga skeið staðið að umfangsmikilli fræðslustarfsemi á vettvangi Menningar- og fræðslusambands alþýðu og byggt þar upp mikla og víðtæka þekkingu á fullorðinsfræðslu.

Með tilkomu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins skapast betri möguleikar á að tengja þær menntastofnanir sem aðilar vinnumarkaðar eiga aðild að og veita þeim þjónustu. Við sjáum fyrir okkur að eitt af hlutverkum fræðslumiðstöðvarinnar verði að vera þjónustuvettvangur fyrir þessa aðila.

Á árssfundi ASÍ í nóvember á síðasta ári var ákveðið að gera miklar breytingar á fræðslustarfsemi sambandsins. Öll félagsleg fræðsla hefur nú verið færð inn á skrifstofu ASÍ sem sérstök fræðsludeild sem starfar undir heitinu MFA.

Um framkvæmd námskeiðahalds í fullorðinsfræðslu og starfsmenntun hefur verið stofnað sjálfstætt hlutafélag til almannaheilla undir heitinu Mímir – símenntun ehf.

Skipulag og mótun á innihaldi náms – og náms- og starfsráðgjöfin - verða færð til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, sem við erum að stofna formlega hér í dag.

Markmiðin með þessum breytingum eru einföld. Á íslenskum vinnumarkaði eru nú á bilinu 43.000 til 67.000 einstaklingar sem einungis hafa lokið grunnskólaprófi eða minni formlegri menntun.

Til þess að Ísland geti kallað sig þekkingarþjóðfélag, þurfum við að sjá til þess að þessu fólki - sem öðrum - standi til boða menntun við hæfi sem eykur þekkingu og starfshæfni þess.

Jafnframt er það hlutverk okkar að efla og þróa ráðgjöf til launafólks í þessu sambandi. Það er jafnframt okkar að tryggja að fólk á vinnumarkaði fái færni sína metna - og viðurkennda - og byggja um leið brú á milli menntunar og þjálfunar í atvinnulífinu og formlega menntakerfisins.

Undirskrift þessa samnings er mikilvægur áfangi á þessari braut. Því fögnum við sérstaklega hér í dag.